

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 21

Dags: 15.11.2024 kl. 19:00

Fundur númer: 219

Mætt: Benjamin (framkvæmdastjóri), Emil (varamaður), Hilmar (formaður), Jóhann (varamaður), Valdimar (stjórnarmeðlimur), Þorgerður (stjórnarmeðlimur) og Sara (rekstrarstjóri)

Dagskrá

- Toppstöðin
- Viðhald Ármúla 23
- Fjárhagsáætlun 2025, fjárhagsstaðan í dag og verðlagshækkunarir
- Önnur mál

Yfirferð fundar

- Toppstöðin
 - Kauptilboð hæstbjóðanda í Toppstöðina, þeirra fjárfesta sem hugnast leigja KFR afnot af húsnæðinu, hlaut flest stig skv. mati matsnefndar og í kjölfarið óskar Eignarskrifstofa eftir frekari samningsviðræðum við hæstbjóðandi. Tilboðið er lagt fram með fyrirvara um lánsfjármögnun og leigusamninga við leigutaka. Kominn er samningur á borð þeirra fjárfesta sem ætla að festa kaup á eig ninni. Samþykkja þarf tillögu þess að framkvæmdarstjóri KFR, Ben fari í samningaviðræður við óstofnað félag UUT hjá Toppstöðinni. Þar sem eftir á að stofna það fyrirtæki sem stendur fyrir kaupunum er nafn Hilmar stjórnarformanns, sem ásamt öðrum standa að fjárfestingu á húsnæðinu, á samningnum. Hilmar yfirgefur því fundarsal og atkvæði greidd með þeirri tillögu þar sem allir samþykkja.
 - Hilmar talar um samþykki sem þurfi frá Fiskistofu til þess að uppbygging geti farið fram í Toppstöðinni skv. ákvæðum laga um lax- og silungsveiði.

- c. Rætt um það að nú þurfi að fara fram þarfagreining hjá Klifurfélaginu með tilliti til sem bestar nýtingar á rými Toppstöðvarinnar ef að því kemur að starfsemin flytjist þangað. Dæmi um umræðupunkta og spurningar sem svara þarf bráðlega
 - i. Hvað þurfum við mikið pláss í Toppstöðinni? Spurning um 2000 fm sem er tvöfalt meira en við erum með núna?
 - ii. Veggur fyrir comp simulation?
 - iii. Verður keppnisveggur í Toppstöðinni?
 - iv. Hvað verður stór partur af húsnæðinu fyrir barnaafmæli og hópa?
 - v. Hvar í húsinu viljum við vera?

2. Viðhald á Ármúla 23

- a. Talað um að fara í uppþætur að innan í Ármúla 23 sem er farið að sjá á. Til dæmis gólfíð sem má mála eða slípa. Ben talar um að hann ætli að húa í krakka til að koma að vinna í sumar við framkvæmdir og málun í Klifurhúsinu. Mála allt nánast, taka til uppi, á Moon, búningaklefa ofl. Allsherðar ruslaferðardagur. Setja sandblástursfilmu á gluggana á bakvið eftir endurnýjun á þeim.

3. Fjárhagsáætlun 2025, fjárhagsstaðan í dag og verðlagshækkunir

- a. Talað um stöðuna núna og farið yfir fjárhagsáætlun 2025. Erum frá mánuði til mánaðar nánast alltaf á sléttu. Í lok árs kemur greiðsla frá inn til KFR. Ca. 18 milljónir samtals yfir árið.
- b. Veltum því fyrir okkur hvað við afskrifum grip sem keypt eru hratt. Sara og Ben ætla að ræða það við bókarann.
- c. Reyna að sækja um hjá Reykjavíkurborg fyrir skrifstofurekstri, húsverði osfrv. Sara fer í það.
- d. Verðlagshækkun fyrir næsta ár, 3,9% hækkun, er samþykkt af öllum viðstöddum.
- e. Frá RVK borg: Alment er gert ráð fyrir að gjaldskrár þjónustugjalda, hakki um að jafnaði 3,5%. verðlagshækkun vegna samanlagðra gjaldskrártekna á hverju sviði nemi að jafnaði um 3,5% og einn gjaldskrárliður hækki eftir atvikum meira eða minna.

4. Önnur mál

- a. Almannaheillaskrá
 - i. Talað um að skrá Klifurfélag Reykjavíkur í Almannaheillaskrá til þess að fá skattaafslátt. Erum of sein fyrir næsta ár, gerum það næst.
- b. Fyrirmyndarfélag

- i. Vinnan við þann titil er á lokametrinum og stýttist í að þetta verði tilbúið. Sakavottorð frá öllum þjálfurum osfrv. komið. Handbókin er að klárast. Örfá atriði eftir. Sent inn til ÍSÍ þegar tilbúið.
- c. Jólagjafir starfsmanna
 - i. Sara kom með hugmynd að jólagjöf sem fólki leist vel á. Emil nefnir að bæta við skiptidíl við fyrirtæki sem við ætlum að skoða.
- d. Skólaafsláttur í klifur
 - i. Hugmynd um að koma afsláttum meira á framfæri í háskólum til dæmis. Fá þá til þess að auglýsa betur og setja á kortin sín.
- e. Spray jam í nóv/des í Á21
 - i. Fáum Alex til þess að hjálpa til við skipulagningu. Jói með þann bolta.
- f. Samfélagsmiðlar
 - i. Sara og Ben tala um að vilja styrkja stöðu Klifurhússins á instagram. Auka framleiðslu á efni og setja meira púður í skipulagningu á því hvenær og hvað er birt og þal að auka fjármagn sem sett er í það starf. Auka fylgi og auglýsa meira, bæði vörur úr búðinni sem og klifur starfsemina. Talað verður við samfélagsmiðlastjóra um myndun betrubættar stefnu bráðlega.

Fundi slitið: 21:20

Fundarritari: Þorgerður